

**Sp.**

## **260. Nefndarálit**

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Öllum er ljós sú staðreynd að frá árinu 1984 höfum við búið við eitthvert mesta góðæri sem þekkt hefur. Það er líka staðreynd að þrátt fyrir hagstæðar ytri aðstæður í þjóðar- búskapnum, aukinn afla, hækkun afurðaverðs á erlendum mörkuðum, lækkun olíuverðs, mikla aukningu landsframleiðslu og hærri þjóðartekjur á mann en áður hafa þekkt þá blasir við að á þessum árum hefur ríkissjóður verið rekinn með gífurlegum halla. T.d. var halli ríkissjóðs árið árið 1986 1876 millj. kr. og allt bendir til að á árinu 1987 verði ríkissjóði skilað með rúmlega 2000 milljóna króna halla (upphæðir á verðlagi hvors árs).

Halli ríkissjóðs þessi ár er ekki tilkominn vegna þess að svo vel hafi verið gert við almenning í landinu á tímum góðæris því að auknar skattaálögur og niðurskurður samfélagslegrar þjónustu einkenna tímabilið og afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Fyrir óráðsiunni stóðu þáverandi stjórnarflokkar, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, sem eftir kosningar sl. voru fengu svo Alþýðuflokkinn til liðs við sig sem nú fer með fjármál ríkisins. Þrátt fyrir aðild Alþýðuflokksins að ríkisstjórninni hefur ekki orðið grundvallarstefnu- breyting við framlagningu fjárlagafrumvarps önnur en sú að nú á að reka ríkissjóð í jafnvægi sem vissulega er jákvætt og stjórnarandstöðuflokkarnir hljóta að styðja.

Hitt er svo alveg ljóst að til þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á að afla tekna með auknum sköttum á almenning en eins og áður sleppa þeir sem góðærisins nutu að mestu leyti. Þrátt fyrir þessa auknu skattálagningu á almenning er enn um að ræða niðurskurð til félagslegra framkvæmda. Þannig á t.d. ekki króna að fara úr ríkissjóði í Vegasjóð á næsta ári og felld eru niður bein ríkisframlög til dagvistarstofnana og til tónlistarfræðslu barna.

Nú við 2. umr. fjárlaga hefur ríkisstjórnin birt landsmönnum skattastefnu sína. Frá því að ríkisstjórnin tók við lítur dæmið þannig út:

1. Þegar ríkisstjórnin var mynduð var ákveðið að leggja á nýja skatta sem nema um 3700 millj. kr. á verðlagi fjárlagafrumvarpsins.
2. Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram var bætt við um 2000 millj. kr. á verðlagi fjárlagafrumvarps.
3. Nú þegar gengið er frá fjárlagafrumvarpinu til 2. umr. er enn bætt um betur. Að sögn fjármálaráðherra er þar samtals um að ræða 2050 millj. kr.

Að auki telur fjármálaráðherra að veltubreytingar færi ríkissjóði um 600 millj. kr. og loks telur hann að betri innheimta söluskatts skili um 400 millj. kr.

Samtals er því hér um að ræða 8750 millj. kr. tekjuaukningu ríkissjóðs á næsta ári samkvæmt tölum fjármálaráðherra sjálfs.

Þetta segir þó ekki alla söguna því að skattastefna ríkisstjórnarinnar eykur mismunun í þjóðfélaginu. Lágtekjufólk ber þyngri byrðar en áður vegna matarskattsins, en alls nemur söluskattur af matvælum um 5750 millj. kr. Jafnframt verður skattabyrði hátekjumanna hlutfallslega minni en áður vegna þess að efstu skattþrep eru afnumin samfara staðgreiðslu- kerfi skatta.

Hlutfall skatttekna ríkissjóðs af vergri landsframleiðslu verður herra en verið hefur á síðustu áratugum. Þannig efna ríkisstjórnarflokkarnir fyrirheit sín um lækkun skatta.

Á sama tíma blasir það við að fyrirtækjunum, stóreignamönnum og hátekjufólki er hlíft.

Myndin af stjórnarstefnunni sem blasir við þjóðinni nú eftir áramótin og birtist í fjárlagagerðinni er þessi:

- Matarskattar verða 5750 millj. kr. — maturinn dýrari en nokkru sinni fyrir.
- Skattbyrði tekjuskatts sem hlutfall af launum greiðsluárs hækkar um 25%.
- Fasteignagjöld munu hækka um mörg hundruð milljónir króna þar sem fasteignamat hækkaði um 50 milljarða umfram verðlagshækkunir frá árinu 1986 til ársins 1987.
- Þeir sem notið hafa vaxtaafsláttar — tugir þúsunda skattgreiðenda — fá ekki vaxtaafslátt fyrir en á síðari hluta næsta árs.
- Útsvör hækka að raungildi milli áranna 1987 til 1988, samkvæmt upplýsingum fjármálaráðherra, um 7–9%.
- Félagleg þjónusta er dregin saman eða felldur út hlutur ríkisins í framlögum, til dæmis til dagvistarmála og tónlistarskóla.
- Útlit er fyrir að viðskiptahallinn á þessu ári verði tvisvar sinnum meiri en spáð hafði verið fyrir fáeinum vikum. Búast má við að viðskiptahallinn verði tvisvar sinnum hærri en ráð var fyrir gert á næsta ári að óbreyttu.
- Reikna má með að kaupmáttur launa fari aftur minnkandi og ráðstöfunartekjur heimilanna munu dragast saman á næsta ári samfara aukinni skattlagningu.
- Vextir eru hærri hér en nokkurs staðar annars staðar í þeim löndum sem við viljum helst miða okkur við í lífskjörum.
- Fastgengisstefna ríkisstjórnarinnar veikist með hverjum deginum, ekki aðeins vegna lækkunar dollarans heldur líka vegna beinna aðgerða ríkisstjórnarinnar í formi skatta-hækkana og vaxtahækkana. Auk þess eru aðgerðir ríkisstjórnarinnar verðbólguhvetjandi.

Þannig er efnahagskerfið allt í uppnámi nú við gerð fjárlaga fyrir árið 1988.

Auk þess er ljóst að stjórnarflokkarnir eiga erfitt með að koma sér saman um ákvarðanir sem dragast oft vikum saman jafnvel um einföldustu mál. Stjórnarfrumvörp stranda í þinginu hvað eftir annað vegna ósamkomulags stjórnarflokkanna, milli flokka og eins innan flokka. Allt verður þetta til þess að við komandi áramót ræður óvissan ríkjum hvarvetna: á heimilunum, hjá útflutningsatvinnuvegunum, í stjórnmalalífínu og hjá þjóðinni í heild. Niðurstaða óvissunnar mun síðan óhjákvæmilega birtast á vinnumarkaðinum.

Það er því ljóst að ráðstöfunartekjur heimilanna munu skerðast verulega á næsta ári, einkum á fyrri hluta ársins vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar, á sama tíma og ljóst er að samdráttur í þjóðartekjum kemur niður á launafólki ef ekki verður gripið til sérstakra aðgerða til þess að tryggja kjör fólks.

Minni hl. nefndarinnar er samþykktur því markmiði ríkisstjórnarinnar að reka ríkissjóð hallalausan. Minni hl. vill hins vegar aðrar leiðir að markmiðinu bæði hvað varðar öflun tekna og forgangsroð gjaldaliða. Minni hl. vill líka með þessu nefndaráliti vekja athygli á ótryggum verðlagsforsendum frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1988.

Alþingi, 13. des. 1987.

Margrét Frímansdóttir,  
frsm.

Málmfríður Sigurðardóttir.

Óli P. Guðbjartsson.